

Fimmtudaginn 22. maí 1986.

Nr. 251/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Viðari Björnssyni og

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Sólrúnu Elisdóttur

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Líkamsárás. Brot gegn 221. gr. almennra hegningarlaga. Sýknað af ákæru fyrir brot gegn 220. gr. alm. hegningarlaga. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. nóvember 1985, að því er ákærða Viðar varðar samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974 og að því er ákærðu Sólrúnu varðar samkvæmt ósk hennar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 30. desember 1985.

Svo sem í héraðsdómi greinir veittist ákærði Viðar Björnsson að Sigurði Breiðfjörð Ólafssyni að tilefnislausu með hrottafenginni líkamsárás og veitti honum stórfellda áverka enda hirti ákærði ekki um það að lokinni árásinni að leita Sigurði neinnar hjálpar. Verða þessar afleiðingar árásarinnar metnar ákærða til sakar vegna gáleysis og ber því að refsa honum samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, en ákvæði þetta þykir hér tæma sök hans, þannig að honum verði ekki jafnframt refsað samkvæmt 1. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.

Þá þykir mega staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms að ákærða Sólrún hafi unnið til refsingar samkvæmt 1. mgr. 221. gr. hegningarlaga með því að leita Sigurði eigi hjálpar fyrr en daginn eftir árásina er það var um seinan.

Ákærði Viðar hefur gerst brotlegur við 244. gr. hegningarlaga með þjófnaði þeim á málverki sem lýst er í héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Viðars og um frádrátt gæsluvarðhalds, en að auki skal gæsluvarðhald ákærða, er hann hefur sætt síðan héraðsdómur gekk, dragast frá refsingu hans.

Refsing ákærðu Sólrúnar þykir með hliðsjón af 78. gr. hegningarlaga hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað þykir mega staðfesta. Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, þannig að hvort um sig greiði málsvarnarlaun verjanda síns, en af öðrum sakarkostnaði greiði ákærði Viðar einn $\frac{3}{4}$ hluta en ákærðu in solidum $\frac{1}{4}$ hluta, allt svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Viðar Björnsson, sæti fangelsi 5 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans óslitið síðan 24. febrúar 1985.

Ákærða, Sólrún Elís dóttir, sæti fangelsi 3 mánuði. Til frádráttar komi 10 daga gæsluvarðhaldsvist hennar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur, og ákærða málsvarnarlaun verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur. Af öðrum áfrýjunarkostnaði sakarinnar, þar með töldum saksóknarlaunum í rikissjóð, 20.000,00 krónum, greiði ákærði einn $\frac{3}{4}$ hluta, en $\frac{1}{4}$ hluta greiði ákærðu in solidum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. júní 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 19. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 345-346/1985: Ákærvaldið gegn Viðari Björnssyni og Solrúnu Elís dóttur, sem tekið var til dóms 31. f.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með tveim ákæruskjölum rikissaksóknara dagsettum 29. apríl og 20. maí sl.

Með fyrri ákærinni er mál höfðað á hendur ákærðu Viðari Björnssyni,

heimilislausum, með skráð lögheimili að Ferjubakka 10 í Reykjavík, fæddum þar í borg 24. ágúst 1948 og Sólrúnu Elísdóttur, til lögheimilis að Ferjubakka 10 í Reykjavík, fæddri þar í borg 4. maí 1956. Í ákærinni segir svo:

„I.

Gegn ákærða Viðari er málið höfðað fyrir að hafa með stórfelldri líkamsárás og að láta hjá líða að sjá til þess að árásarþola bærisk hjálp orðið valdur að dauða Sigurðar Breiðfjörðs Ólafssonar, sem fæddur var 7. júlí 1924, til heimilis að Grettisgötu 19 B, Reykjavík, með þeim hætti er hér greinir:

Ákærði hafði ásamt meðákærðu Sólrúnu um nokkurn tíma dvalið í íbúð Sigurðar Breiðfjörð á efri hæð hússins að Grettisgötu 19 B. Er líða tók á kvöld föstudaginn 22. febrúar 1985 og þau höfðu öll þrjú verið við áfengisdrykkju og voru ölvuð veittist ákærði Viðar skyndilega með hrottafengnum hætti að Sigurði Breiðfjörð, í fyrstu að honum uppistandandi en einnig útafliggjandi eftir að hann féll undan atlögu ákærða upp að vegg í rúmi sínu, slegið hann í þeirri atlögu með krepptum hnefum mörg þung högg í andlit, á enni, nef, vinstri kinn og höku, svo Sigurður Breiðfjörð hlaut af opin brot beggja vegna á neðri kjálka, alvarlega höfuðáverka og meðvitundarleysi sem þá eða síðar, eins og rakið verður, leiddu hann til dauða.

Í því ástandi og án ráðstafana þá til bjargar yfirgaf ákærði, ásamt meðákærðu Sólrúnu, Sigurð Breiðfjörð.

Um hádegi næsta dag kom ákærði ásamt meðákærðu Sólrúnu í íbúðina og komu þau þá að Sigurði Breiðfjörð útafliggjandi í sömu stellingum og hann hafði verið yfirgefinn kvöldið áður. En þrátt fyrir að ákærði Viðar héldi að lífsmark gæti þá enn verið með Sigurði Breiðfjörð yfirgaf ákærði ásamt meðákærðu Sólrúnu íbúðina og lét enn hjá líða nokkurn tíma að gera ráðstafanir til þess að Sigurði Breiðfjörð bærisk hjálp, eða til kl. 15.37 þá um daginn, er meðákærða Sólrún kvaddi sjúkrabifreið á staðinn. Sigurður Breiðfjörð var þá, er að var komið litlu síðar, úrskurðaður látinn.

Atferli ákærða Viðars, sem að framan er lýst, telst varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981, og 1. mgr. 220. gr. sömu laga.

II.

Gegn ákærðu Sólrúnu er málið höfðað fyrir að hafa, þrátt fyrir nærveru við framangreinda líkamsárás föstudagskvöldið 22. febrúar 1985 og komu sína aftur ásamt meðákærða Viðari í íbúð Sigurðar Breiðfjörð um hádegi næsta dag, yfirgefið Sigurð Breiðfjörð í bæði skiptin í framanlýstu ástandi og án þess að gera ráðstafanir til bjargar, þar til kl. 15.37 laugardaginn

23. febrúar að ákærða Sólrún kvaddi sjúkrabifreið á staðinn, en Sigurður Breiðfjörð reyndist þá vera látinn er að honum var komið.

Atferli ákærðu Sólrúnar telst varða við 1. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Dómkröfur. Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Með síðari ákærinni er höfðað mál á hendur ákærða Viðari, „fyrir að hafa, þriðjudaginn 6. eða miðvikudaginn 7. nóvember, þegar ákærði var gestkomandi að Vífilsgötu 10 í Reykjavík, stolið þar málverki eftir Jón Engilberts.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Ákæra dagsett 29. apríl 1985.

Laugardaginn 23. febrúar sl. um klukkan 15.37 var hringt á Slökkvistöðina í Reykjavík og beðið um að sjúkrabifreið yrði send að Grettisgötu 19 B í borginni vegna manns sem þar væri illa haldinn.

Þennan sama dag klukkan 15.45 var óskað lögregluaðstoðar á sama stað vegna mannsláts. Héldu þangað tveir lögreglumenn og er þeir komu á staðinn voru þar tvær sjúkrabifreiðar ásamt lækni og hjúkrunarfræðingi. Var lögreglumönnum tjáð að andlát mannsins væri ekki með eðlilegum hætti þar sem hann væri með áverka á höfði og í andliti. Hinn látni reyndist vera Sigurður Breiðfjörð Ólafsson, til heimilis á 2. hæð Grettisgötu 19 B, fæddur 7. júlí 1924.

Íbúi á Grettisgötu 19 skýrði lögreglumönnum frá því að klukkan 14 til 14.30 hefði hann séð þar koma frá húsinu nr. 19 B og hefði það gengið austur Grettisgötu. Þá upplýsti íbúi á neðri hæð að Grettisgötu 19 B að á efri hæðinni hefðu verið auk Sigurðar Breiðfjörð til heimilis ákærðu Sólrún Elisdóttir og Viðar Björnsson.

Rannsóknarlögreglu ríkisins var tilkynnt um málið klukkan 15.50, og hóf hún rannsókn þess. Þá kom á staðinn Heimir Bjarnason aðstoðarborgarlæknir.

Af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins hófu rannsókn málsins með því að fara á vettvang rannsóknarlögreglumennirnir Jónas Jón Hallsson, sem gerði skýrslu um för þeirra á vettvang, og Steindór Gunnarsson, sem annaðist myndatöku á staðnum og almenna vettvangsrannsókn.

Jónas Jón gerði skýrslu um för þeirra félaga á vettvang og segir svo í henni um hina ýmsu þætti rannsóknarinnar:

— — —

Jónas Jón rannsóknarlögreglumaður fór um kl. 17.45 umræddan dag á slökkvistöðina og hitti þar að máli Val Þorgeirsson varðstjóra, sem hafði tekið á móti beiðni um sjúkrabífreid að Grettisgötu 19 B. Hafði samtalið verið tekið upp á tónband, en það var við konu. Á upptökuna vantaði bæði byrjun og endi vegna einhverra tæknilegra ástæðna. Jónas Jón ritaði samtalið niður og var það á þessa leið, að því leyti, sem það var á bandinu:

„Konan: „Það er opið dyrnar hjá honum.“

Varðst.: „Og hvert á að fara með hann?“

Konan: „Á slysadeild, eða slys..., eða Borgarspítalann, eða eitthvað svo-leiðis.“

Varðst.: „Er ekki búið að panta a. tal.. að tala við lækni?“

Konan: „Ég veit það ekki. Nei ég hugsa að hann, hann..., mér var sagt hann væri svo veikur. Hann liggur bara alveg bakk og hann er svolítið kaldur. Mér var sagt það.“

Varðst.: „Það hefur nú e... Hefurðu ekki komið upp til hans eða hvað?“

Konan: „Nei ég, mé.., ha.., hún heitir Jóhanna sem fór þangað og mér var sagt þetta og þess vegna er ég að biðja ykkur að senda sjúkrabíl þangað að láta líta á þetta.“

Varðst.: „Við skulum athuga það.“

Konan: „Takk fyrir. Nít....“

Að mati Jónasar Jóns líktist rödd konunnar mjög rödd ákærðu Sólrúnar, sem hafði komið við sögu hjá rannsóknarlögreglunni áður.

Gerð var leit að ákærðu Sólrúnu og Viðari, og komu þau í leitirnar um klukkan 22.30 á Slysadeild Borgarspítalans og voru handtekin þar.

Um leið og ákærðu voru handtekin hitti Jónas Jón Hauk Ásmundsson lögregluflokksstjóra á Slysadeildinni. Upplýsti hann, að hann hefði verið sendur tvívegis kvöldið áður að Grettisgötu 19 B og í síðara skiptið um klukkan 22. Hefði Sigurður Breiðfjörð þá verið ölvaður, en ekki með neina áverka.

Í skýrslu, sem Högni Einarsson rannsóknarlögreglumaður hefur gert um leit að ákærðu og handtöku þeirra, kemur fram að þau hafi við handtökuna verið greinilega undir áhrifum áfengis eða lyfja, sljó, þvöglumælt og lítt viðræðuhæf. Var þeim báðum tekið blóð til alkóhólrannsóknar á Slysadeildinni þetta kvöld, honum klukkan 22.45 en henni klukkan 22.50. Í blóði hans reyndist magn alkóhóls 1,55‰. en hennar 1,27‰.

Ákærði Viðar var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu síðdegis þann 24. febrúar sl. Var hann beðinn að lýsa ferðum sínum og gerðum sl. föstudag.

Ákærði kvaðst hafa verið hjá Sigurði Breiðfjörð á Grettisgötu 19 B aðfaranótt föstudagsins. Hefðu þau verið þar þrjú, ákærðu og Sigurður. Hefðu þau ákærðu verið í sambúð sl. átta mánuði og fengið að dvelja hjá Sigurði í um einn mánuð.

Ákærði sagði að þau ákærðu hefðu farið eitthvað fyrir hádegið á föstudeginum og Sigurður þá verið einn heima. Fóru ákærðu í aðra hvora áfengisútsöluna, við Snorrabraut eða Lindargötu. Þau komu strax aftur til baka og var Sigurðar þá einn sem fyrr.

Ákærðu keyptu þrjár flöskur af brennivíni og eina af Kahlua. Þau settust síðan að drykkju með Sigurði fyrir hádegi þennan dag og voru við drykkju allan daginn, og kom enginn til þeirra. Ákærða Sólrún lagði sig og sofnaði, sennilega um kl. 17, og svaf í um tvo tíma. Voru ákærði og Sigurður þá tveir einir við drykkjuna.

Ákærði Viðar sagði að um kvöldmatarleytið hefði verið bankað á úti-dyrnar og Sigurður beðið hann að fara og opna. Ákærði kvaðst þá hafa farið niður og hleypt inn manni sem hann hefði ekki séð áður. Maður þessi hefði verið á milli fertugs og fimmtugs, dökkhærður, stór, ófriður og með alskegg, grannur en nokkuð þrekinn, í dökkum, síðum frakka úr ullarefni og dökkum jakkafötum. Bauð Sigurður manni þessum inn, en þeir virtust þekkjast. Maðurinn var með eina flösku af brennivíni eða kláravíni sem þau drukku úr. Eftir að þau voru búin að vera við drykkjuna í um eina klukkustund byrjuðu Sigurður og maðurinn, sem sagðist heita Einar þegar ákærði opnaði fyrir honum, að rífast í sambandi við einhverjar gamlar erjur þeirra á milli. Ákærði kvaðst ekki vita hvað þeim fór á milli, en rífrildið hefði byrjað út af einhverri konu sem nefnd var með nafni, en ákærði mundi ekki. Ákærði sagði að þegar þeir hefðu byrjað að rífast hefði hann farið inn í herbergi það sem ákærða hafði farið inn í og sofnað, en þeir voru í stofunni við drykkjuna. Ákærði kvaðst hafa vakið ákærðu og ákvað að best væri fyrir þau að hafa sig í burtu þar sem konan á neðri hæðinni hefði alltaf verið að kæra til lögreglunnar vegna hávaða frá íbúð Sigurðar. Kvað ákærði þau hafa ákveðið að forða sér, og sá ákærði síðast til mannsins og Sigurðar þar sem þeir sátu í þriggja sæta sófa inni í stofunni og hélt maðurinn með annarri hendi um hálsmálið á skyrtu Sigurðar. Sigurður hefði þá verið klæddur í rauðan skyrtuból, dökkar eða jafnvel brúnar buxur og gula kuldaskó, jakkalaus. Þetta kvað ákærði það síðasta sem hann hefði séð til Sigurðar á föstudeginum.

Ákærði kvað þau hafa farið beint frá Grettisgötunni að Laugavegi 158 til móðurbróður ákærðu, Péturs Einarssonar. Þar var þá fyrir móðir ákærðu Sólrúnar, Svanhildur Pálsdóttir. Ákærði kvaðst hafa skýrt Péttri og Svanhildi frá því að þau hefðu farið frá Grettisgötunni vegna látanna

milli mannsins og Sigurðar og sögðu þeim að þau hefðu óttast að lögreglan yrði kölluð á staðinn.

Ákærði sagði að ákærða hefði verið með eina flösku af brennivíni og móðir hennar með hálfa flösku, þegar þau komu heim til Péturs. Hefðu þau drukkið þetta áfengi öll fjögur fram eftir nóttu eða á meðan áfengið entist og fóru síðan að sofa.

Ákærði sagði að fyrir hádegi næsta dag hefðu þau ákærðu farið frá Pétri og komið við í búð við Hverfisgötu á leið sinni upp á Grettisgötu. Í búðinni keyptu þau sér tuttugu glös af kardimommudropum og höfðu með sér heim til Sigurðar. Þegar þau komu þangað lá Sigurður á bakinu í rúmi í svefnherberginu og var með lokuð augu. Hann var í öllum fötum og ekki hægt að sjá að fötin færu neitt illa á honum. Korraði í honum en hann talaði ekki neitt til ákærðu. Kvaðst ákærði hafa reynt að hella ofan í Sigurð kardimommudropum en hann hefði þá bandað hendinni til sín, líkt því sem hann vildi ekki drekka þá. Ákærði kvaðst þá hafa haldið að honum myndust þeir of sterkir, enda hefðu þeir ekki verið blandaðir. Ákærði kvaðst þá hafa blandað saman við þá Coca Cola og hellt aftur upp í hann. Kom hann ekki nema helmingnum af þremur kardimommuglösum ofan í Sigurð þar sem hann tók ekki við meiru. Ákærði lagði Sigurð þá til á vinstri hliðina og breiddi sængina yfir hann. Var blóð í andliti hans en þó aðallega í munni. Reyndi ákærði að þurrka það burt. Ákærði minntist ekki að hafa séð neina sérstaka áverka í andliti Sigurðar en einu áverkarnir í andliti hans, sem hann vissi að áttu að vera, voru á enninu ofarlega fyrir miðju. Þar var Sigurður með kúlu sem ákærði taldi hann hafa hlotið við að detta.

Ákærði sagði þau ákærðu síðan hafa farið frá Grettisgötu 19 B eftir að ákærði hafði hagrætt Sigurði, og taldi ákærði að klukkan hefði verið eitthvað í kringum 12. Þau fóru þá niður í borgina og inn á Hlemmtorg. Kvaðst ákærði hafa hringt í eitthvert símanúmer sem hann fann í símaskránni og taldi að það hefði verið á Slysadeildinni. Allavega hefi hann ætlað að hringja þangað og taldi sig hafa gert það í þeim tilgangi að fá sendan sjúkrahil til Sigurðar. Kvaðst ákærði hafa skýrt konunni, sem svaraði í símann, frá því að Sigurður væri mikið veikur og þyrfti að komast í meðferð.

Ákærði var spurður hvort hann hefði hringt til lögreglunnar í síma 11166 á föstudagskvöldið. Hann svaraði því neitandi. Ákærði var þá fenginn til að hlusta á tónbandsupptöku sem tekin var upp á fjarskiptamiðstöð lögreglunnar í Reykjavík og varðaði símtal sem átti sér stað umrætt kvöld. Þarna var um að ræða karlmannsrödd sem óskaði eftir aðstoð lögreglunnar að Grettisgötu 19 B vegna manns sem þar var sagður vera fyrir utan, grýtandi snjóboltum upp í glugga á íbúð Sigurðar, hótandi að kæra og drepa.

Ákærði var síðan spurður hvort hann kannaðist við rödd þess sem óskaði eftir lögregluaðstoðinni.

Ákærði kannaðist við þetta og væri það hann sem talaði í símann og bæði lögregluna að koma. Hefði Sigurður beðið hann að hringja, en hann verið það fullur að það hefði ekki verið tekið mark á honum.

Ákærði kvaðst hafa kynnt sig sem Sigurð Breiðfjörð Ólafsson í símann við lögregluna, þar sem hann væri húsráðandinn. Hefði hann hringt úr síma Sigurðar. Hélt ákærði að áðurnefndur Einar hefði ekki verið kominn þegar samtalið átti sér stað. Hann var ekki viss um að ákærða hefði heyrt samtalið.

Ákærða Sólrún var einnig yfirheyrð af rannsóknarlögreglunni síðdegis sama dag og ákærði.

Ákærða greindi frá því að þau hefðu verið þrjú á heimili Sigurðar Breiðfjörð umræddan föstudag að drekka áfengi og verið orðin nokkuð ölvuð. Ákærða kvaðst þó muna allt mjög vel, en upphafið hefði verið að Sigurður hefði tekið tæplega fulla flösku af áfengi, sem þau ákærðu hefðu átt, og falið hana. Hann hefði verið staddur inni í svefnherbergi í suðausturhorni hússins og verið að búa sig upp. Hún hefði farið þangað inn til hans og spurt hann um flöskuna, en Sigurðar neitað að hafa tekið hana. Hefði ákærði þá komið þar að og misst stjórn á skapi sínu og slegið Sigurð í andlitið með höndunum. Ákærða kvaðst hafa beðið ákærða að gera það ekki þar sem ákærða vissi að Sigurður var hjartasjúklingur, en ákærði sinni því ekki og barði Sigurð fastar í andlitið, og endaði það með því að Sigurður féll og hafnaði upp að austurvegg herbergisins uppi í rúminu. Sigurður hefði reynt að verja sig í fyrstu, en það ekki dugað til. Sigurður hafi fallið þannig að hann hefði hálf-setið uppréttur við vegginn og verið máttlaus. Ákærða kvaðst svo hafa fundið flöskuna sem Sigurður hefði tekið og þau ákveðið að hafa sig á brott og farið að Laugavegi 158 til Péturs frænda ákærðu og fengið að vera þar um nóttina. Móðir ákærðu var þá þar.

Ákærða kvað ákærða hafa beðið sig að segja sögu af skeggugum (sic) manni, frakkaklæddum, þar sem hann óttaðist að hafa orðið Sigurði að bana. Þau hefðu síðan sagt móður ákærðu og Pétri að einhver maður hefði komið í heimsókn til Sigurðar og þeir lent í átökum sem orðið hefðu þess valdandi að þau hefðu forðað sér af staðnum.

Ákærða kvað þau síðan hafa farið á Grettisgötuna um hádegisdag næsta dag eftir að hafa verið búin að hringja þangað nokkrum sinnum án þess að svarað væri. Fundu þau Sigurð liggjandi upp í rúminu á bakinu og gátu ekki greint lífsmark með honum. Reyndi ákærði m.a. að hnoða á Sigurði brjóstið og þau hlustuðu eftir andardrætti, en voru ekki örugg um að finna neinn. Hafði ákærði á orði að Sigurður væri kjálkabrotinn.

Ákærðu voru bæði úrskurðuð í gæsluvarðhald að kvöldi 24. febrúar sl. Í yfirheyrslum, sem fram fóru í dóminum áður en úrskurðirnir voru kveðnir upp, staðfestu ákærðu bæði áðurgreindar skýrslur sínar hjá rannsóknarlögreglu. Hélt ákærði fast við söguna af skeggjaða manninum, en ákærða að ákærði hefði slegið Sigurð nokkrum sinnum með krepptum hnefa og bedið sig að segja lögreglunni söguna af skeggjaða manninum. Taldi ákærða að Sigurður hefði verið með lífsmarki á laugardagsmorgninum.

Ákærða var yfirheyrð á ný af rannsóknarlögreglunni 26. febrúar sl.

Ákærða skýrði svo frá að hún hefði kynnst ákærða þann 8. apríl 1984 og þau verið saman eftir það. Mikil óregla hefði verið á þeim og varla af þeim runnið, nema ef frá væri skilinn einn mánuður er þau voru í Hladgerðarkoti. Á þessum tíma hefðu þau haft aðsetur víða og m.a. búið í 2 mánuði í Keflavík. Þá hefðu þau einnig átt inni að Ferjubakka 10 í Reykjavík hjá móður ákærðu. Að öðru leyti hefðu þau gist þar sem þau voru niður komin hverju sinni. Þau hefðu elt uppi „party“ og oftast fengið að sofa á þeim stöðum, meðan „partyið“ var í gangi.

Ákærða kvaðst hafa kynnst Sigurði fyrir nokkrum árum í gegnum frænda sinn, Pétur Einarsson. Hún hefði þó ekkert samneyti átt við hann fyrr en fyrir um hálfum mánuði.

Ákærða kvað þau ákærðu hafa þá verið að versla í áfengisverslun ríkisins á Lindargötu. Þar inni hefðu þau hitt Sigurð. Þau hefðu tekið tal saman og hefði Sigurður boðið þeim heim til sín. Eftir þetta hefðu þau að mestu dvalið heima hjá honum og þennan tíma verið stanslaus óregla á þeim. Þau hefðu drukkið áfengi, kökudropa og neytt ýmissa lyfja.

Ákærða sagði að umræddan dag hefði ákærði farið suður í Keflavík þar sem hann hefði átt að mæta hjá bæjarfógetanum vegna einhvers máls. Hafi hann því ekki komið heim á Grettisgötuna fyrr en síðdegis og þá verið í fylgd hans maður.

Áður en ákærði kom hafði móðir ákærðu komið í heimsókn og með henni nafngreindur maður.

Ákærða kvaðst hafa fengið bróður sinn til að aka með sér í áfengisverslun og þar keypt tvær flöskur af áfengi til að veita móður sinni og hinum gestunum. Nokkur háreysti var í fólkinu og vildi Sigurður losna við manninn úr Keflavík og fór hann án mótþróa. Þá stönsuðu móðir ákærðu og sá er með henni kom ekki lengi.

Ákærða taldi að það hefði verið a.m.k. 2-3 klst. eftir að móðir hennar fór frá Grettisgötunni og þau Sigurður og ákærðu höfðu haldið áfram drykkju að hún hringdi í Pétur Einarsson. Þar var móðir ákærðu stödd og ákvað ákærða að fara þangað í heimsókn. Ákærða kvaðst með engu móti geta gert sér grein fyrir hvað klukkan var er þarna var komið, en

sagði að móðir hennar hefði yfirgefið þau í björtu en er hún hringdi í Pétur hefði verið farið að rökkva.

Áður um daginn hafði ákærði falið brennivínsflösku á milli rúmdýna í svefnherberginu og ætlaði ákærða að taka þessa flösku með sér, en er hún ætlaði að taka flöskuna kom í ljós að hún var ekki lengur á milli rúmdýnanna. Þá kvaðst ákærða hafa sagt ákærða að flaskan væri horfin og hann ráðist strax að Sigurði þar sem engum öðrum var til að dreifa og Sigurður hafði áður farið inn í svefnherbergið til að skipta um nærbuxur.

Ákærða sagði að ákærði Viðar hefði tekið Sigurð og hrint honum upp í rúmið, farið á hné í rúmið og slegið hann í andlitið krepptum hnefa. Ákærði hefði verið mjög æstur og alveg „brjálaður“ eins og hún orðaði það. Ákærða kvaðst hafa aðvarað ákærða þar sem Sigurður hefði verið hjartveikur og asmasjúklingur, en ákærði engum sonsum tekið. Hefði hann haldið áfram að berja Sigurð í andlitið með krepptum hnefum þar sem hann lá í rúminu.

Ákærða kvaðst nú hafa snúið sér að því að leita að flöskunni og fundið hana undir fatahrúgu við fótagafl rúmsins. Hún hefði strax sagt ákærða að hún væri búin að finna flöskuna og ákærði þá hætt að berja á Sigurði.

Ákærða kvaðst hafa séð að Sigurður var illa farinn í andliti og að úr honum blæddi. Hefði hann legið á hliðinni með höfuðið vísandi að gluggaveggnum. Ekki kvaðst ákærða telja að Sigurður hefði verið meðvitundarlaus er þarna var komið, en kvaðst þó ekki hafa séð hann hreyfa sig eða gefa frá sér hljóð.

Ákærðu yfirgáfu nú Grettisgötu 19 B og héldu fótgangandi heim til Péturs. Á leiðinni þangað sagði ákærði við ákærðu: „Ég er hræddur um að ég hafi kjálkabrotið Sigurð.“ Ákærða kvaðst þá hafa sagt að betra væri að svo væri ekki. Ákærði hefði hinsvegar verið hræddur um að að Sigurður mundi kæra hann fyrir líkamsárás þar sem hann hefði slasast það illa. Ákærði hefði nú beðið ákærðu að segja að skeggjaður maður hefði komið í heimsókn til Sigurðar og þeir Sigurður og sá skeggjaði lent í áflogum. Ákærða kvaðst hafa lofað að segja þessa sögu ef Sigurður kærdi.

Eftir að ákærðu komu til Péturs héldu þau áfram drykkju fram á nóttina. Að endingu sváfu þau um nóttina í stofunni hjá Pétri.

Ákærða sagði að þau hefðu sagt fólkinu sögu þá sem ákærði hafði lagt fyrir ákærðu að segja um komu skeggjaða mannsins og átök hans við Sigurð.

Ákærða taldi að þau ákærðu hefðu yfirgefið Laugavegin laust fyrir hádegi. Þaðan héldu þau gangandi niður Hverfisgötu og drukku kaffi hjá manni sem kallaði í þau. Þaðan fóru þau í Lúllabúð á Hverfisgötu og keyptu kardimommudropa. Frá Lúllabúð fóru þau á Grettisgötu 19 B.

Er á Grettisgötuna kom kvaðst ákærða hafa farið beint inn í herbergið

og komið að Sigurði þar sem hann lá í allt annarri stellingu en þau höfðu skilið við hann kvöldið áður. Hann hefði nú legið á bakinu í rúminu með hendur niður með síðum og var ekkert ofan á honum. Var sæng hans inni í stofunni eins og kvöldið áður. Ákærða kvaðst hafa kallað til ákærða, sem var inni í stofu, og hann komið inn í svefnherbergið.

Ákærða sagði að ákærði hefði byrjað á því að hrista Sigurð og því næst stungið upp í hann hjartapillu og úðað upp í hann asmalyfi. Þessu næst hefðu þau blandað kökudropum í kók og hellt því upp í Sigurð en það ekki gengið. Ákærði hefði nú reynt að nudda bringu Sigurðar og hlusta eftir hjartslætti. Ákærða kvaðst einnig hafa reynt að nudda og hlusta. Hún kvað Sigurð hafa verið kaldan viðkomu, en það hafi hann oftsinnis kvartað um sjálfur. Því hefði þeim ekki verið ljóst á þessu stigi að hann væri látinn.

Ákærða sagði þau nú hafa farið heim til Péturs að nýju en skilið eftir opið hjá Sigurði. Höfðu ákærðu lykil að íbúðinni hjá honum. Ákærða kvaðst hafa hringt á sjúkrahúsi frá Pétri og tilkynnt um fársjúkan mann að Grettisgötu 19 B.

Nú fylltust ákærðu hræðslu og drukku enn meira en áður og ákærði tafaði á því að hann væri hræddur um að hafa drepíð Sigurð en ekkert frekar hefði verið rætt um þetta mál.

Ákærða kvaðst ekki vita hvað klukkan var á laugardeginum er þau yfirgáfu heimili Péturs. Þaðan fóru þau á rölt og komu m.a. við á Freyjugötu þar sem þau voru ekki velkomin og stoppuðu því stutt.

Eftir nokkurn þvæling fóru þau upp á Slysadeild Borgarspítalans þar sem ákærða var sárþjáð í fæti, en hún kvaðst hafa snúið sig fyrir nokkru.

Ákærða harðneitaði að hafa barið Sigurð hvorki á föstudaginn né í annan tíma. Hún kvaðst þó hafa lent í rimmu við Sigurð fyrir u.þ.b. viku. Þá hefði hún ætlað að hringja, en Sigurður verið því mótfallinn og hótad að hringja á lögregluna. Ákærða kvaðst því hafa tekið símann og hent honum í gólfið svo hann brotnaði. Ákærða kvaðst síðar hafa látið ákærða hafa peninga fyrir nýjum síma og hefði hann keypt síma og sett hann í stað þess brotna.

Ákærða kvaðst ekki minnast þess að hafa séð áverka á Sigurði fyrir átök ákærða við hann. Þá hafði hún ekki séð skurð á enni Sigurðar.

Ákærði var yfirheyrður á ný af rannsóknarlögreglunni 26. febrúar sl.

Ákærði kvað minni sitt ekki mjög glögg vegna langvarandi óreglu. Hann taldi sig hafa sofið eða verið „black out“ fyrri hluta föstudagsins, en vildi þó ekki fullyrða þetta.

Ákærði kvaðst telja að á föstudeginum hefðu fáir eða engir gestir komið á Grettisgötuna. Þá kvaðst ákærði muna að ákærða fór út eftir áfengi og kom aftur með tvær flöskur af brennivíni og eina flösku af Kahlúa. Ákærði kvaðst ekki átta sig á því hvenær dags þetta var.

Ákærði kvað þau þrjú hafa setið að drykkju og allt verið í mesta bróðerni. Hafði ákærða falið aðra brennivínsflöskuna til þess að þau yrðu ekki áfengislaus.

Ákærði taldi að það hefði verið síðdegis eða jafnvel milli kl. 20 og 21 sem ákærða hefði fundið út að búið væri að fjarlægja brennivínsflöskuna þaðan sem hún faldi hana. Þar sem ekki hefði verið öðrum til að dreifa í þessu sambandi en Sigurði kvaðst ákærði hafa gengið fast á hann hvar flaskan væri, en hann þverneitað að hafa tekið hana.

Ákærði kvaðst þá hafa verið staddur í stofunni og upphófust stimpingar. Kvaðst ákærði hafa tekið í klæðnað Sigurðar og gefið honum einn löðrung. Átök þessi hefðu síðan færst inn í svefnherbergið og þar hefðu átökin hafist fyrir alvöru. Kvaðst ákærði hafa orðið viti sínu fjær skömmu eftir að átökin hófust.

Ákærði kvaðst hafa tekið Sigurði hálstaki og snúið hann niður í gólfið. Sigurður hefði náð að standa upp aftur og ákærði þá gefið honum fast hægrihandarhögg í kjálkann. Við högg þetta hefði Sigurður fallið aftur fyrir sig í rúmið og kvaðst ákærði þá hafa stokkið ofan á hann og slegið hann tvívegis á kjálkann með krepptum hnefa. Kvaðst ákærði hafa talið að Sigurður væri „steinrotaður“ og úr munni Sigurðar hefði blætt.

Ákærði kvað Sigurð hafa legið á bakinu eftir þessi átök. Var hann með hendur niður með síðunum og lá alveg flatur á bakinu. Þegar hér var komið heyrði ákærði hróp ákærðu sem bað ákærða að hætta barsmiðunum. Sá ákærði að Sigurður andaði en var rænulaus. Kvaðst ákærði ekki hafa áttað sig á hvað hann hafði gert, fyrr en eftir á. Hefði áður komið fyrir að hann hefði tapað viti í illdeilum. Taldi ákærði samneyslu áfengis og lyfja vera þessu valdandi.

Ákærði kvað þau nú hafa leitað að flöskunni og fundið hana við fótagafl rúmsins sem Sigurður lá í. Hefði flaskan verið undir fatahrúgu.

Ákærði kvað þau nú hafa farið út úr húsinu og læst útihurðinni, en ákærði kvaðst ekki muna hvort þau slökktu ljós. Frá Grettisgötunni fóru þau fótgangandi upp á Laugaveg. Þar voru fyrir móðir ákærðu og Pétur. Var sest að áframhaldandi drykkju fram á nótt.

Ákærði kvaðst hafa gefið þá skýringu, er þau komu á Laugaveginn, að mikill ófriður væri á Grettisgötunni og slagsmál í gangi. Ekki kvaðst ákærði hafa útlistað það nánar né getið þess að Sigurður væri meiddur.

Ákærði kvað þau ákærðu hafa sofið í stofunni hjá Pétri um nóttina, en farið þaðan milli kl. 10.30 og 11 næsta morgun. Héldu þau niður á Grettisgötu, en á leiðinni keyptu þau 20 glös af kökudropum.

Þegar niður á Grettisgötu var komið opnaði ákærða með lykli. Ákærði kvaðst hafa séð að Sigurður lá í sömu stellingum og hann hafði skilið við hann í kvöldið áður í svefnherberginu.

Ákærði kvaðst hafa tekið á bringu og enni Sigurðar og fundið að hann var fremur kaldur á enninu en volgur á bringunni. Kvaðst ákærði hafa lyft höfði Sigurðar og hellt upp í hann 3 glösum af kökudropum og taldi að um helmingur þess hefði farið ofan í Sigurð en afgangur leikið út úr munni hans. Þá lét ákærði upp í Sigurð eina hjartapillu og gaf honum tvö þúst af asmalyfi. Varð ákærði varð var við lítilsháttar hreyfingu á annarri hendi Sigurðar og heyrði frá honum einskonar kurr. Kvaðst ákærði þá hafa velt honum á hliðina í rúminu.

Ákærði kvað ekkert lífsmark hafa komið frekar fram hjá Sigurði og kvaðst hann ekki hafa fundið neinn hjartslátt þó að hann hlustaði eftir slíku. Ákærði kvaðst hafa nuddað svolítið brjóst Sigurðar.

Er hér var komið kvaðst ákærði hafa verið í vafa um hvort Sigurður væri lífs eða liðinn og fylltist hræðslu. Hefðu þau ákærðu nú ætt út og skilið eftir opnar útidyr. Ekki mundi ákærði hvort hann breiddi sængina yfir Sigurð er hann skildi við hann.

Ákærðu fóru frá Grettisgötunni aftur að Laugavegi 158. Ekki kvaðst ákærði minnst þess að þau hefðu minnst einu orði á hvernig ástatt var fyrir Sigurði og byrjað að drekka af kardimommudropum þeim sem þau höfðu keypt sér.

Ákærðu voru á Laugaveginum talsverðan tíma til þess að jafna sig. Sagði ákærði að þau hefðu hringt á Slysadeild Borgarspítalans hvort á eftir öðru. Ákærði kvaðst hafa sagt að á Grettisgötu 19 B lægi fárveikur maður. Ekki kvaðst ákærði hafa gefið upp deili á sér og kvaðst ekki muna viðbrögð þess sem tók á móti tilkynningunni.

Ákærði kvaðst ekki vita hvenær þau yfirgáfu heimili Péturs en þau hefðu flækst víða og endað á Slysadeildinni þar sem þau voru handtekin.

Ákærði kvaðst hafa hringt í lögreglu vegna snjóbolta sem kastað var í gluggann á föstudagskvöldinu, þar sem Sigurður var það ölvaður að hann gat það ekki. Kastað var upp í glugga íbúðarinnar og fór ákærði út í glugga. Þá sá hann pilt sem hann taldi íbúa neðri hæðar. Kallaði sá ýmsar hótanir upp í gluggann. Tók ákærði þá það til bragðs að slökkva öll ljós í íbúðinni. Skömmu síðar kom lögreglan að húsinu en pilturinn var ekki sýnilegur. Ekki kvaðst ákærði muna eftir því að lögreglan talaði við neitt þeirra sem var á efri hæðinni.

Ákærði lét þess getið að Sigurður hefði verið með kúlu eða áverka á enninu áður en til átakanna kom. Ákærði kvaðst þó ekki vita hvernig Sigurður hlaut áverkann en taldi að það hefði verið daginn áður.

Ákærði kannaðist við að hafa keypt nýtt símtól fyrir Sigurð með peningum frá ákærðu sem hafði brotið símtól hjá Sigurði vegna missættis við hann. Taldi hann símtólið hafa brotnað á miðviku- eða fimmtudegi og hefði nýtt verið keypt næsta dag.

Ákærða var enn yfirheyrð af rannsóknarlögreglunni 4. mars sl. og gerð grein fyrir misræmi í framburði hennar og ákærða.

Ákærða kvaðst hafa reynt að segja frá öllu eins og hún hefði munað það, en þar sem hún hefði verið í mikilli óreglu gæti verið að hún ruglaði með tímasetningar.

Ákærðu var bent á að í skýrslu sinni segði hún að ákærði hefði farið til Keflavíkur daginn sem átökin áttu sér stað. Hið rétta væri hinsvegar að hann hefði farið til Keflavíkur þann 18. febrúar í beinu framhaldi af dvöl í Síðumúlafangelsinu. Kvaðst ákærða nú sjá að hún hefði ruglað þarna með daga og kenndi óreglu um. Hún áréttaði að áðurgreindur maður hefði þá komið með ákærða.

Ákærða sagði ákærða hafa falið flöskuna, og mundi ákærða að hún sá flöskuna milli dýna í svefnherberginu áður en hún hvarf. Kvaðst ákærða vita að ákærði setti flöskuna þar.

Ákærða endurtók að hún hefði verið að leita að flöskunni á meðan ákærði barði Sigurð liggjandi í rúminu. Hún hefði æpt á ákærða að hætta en hann hefði ekki hætt fyrr en hún fann flöskuna og kallaði það til hans.

Ákærða sagði að ákærði hefði byrjað á því að slá Sigurð í andlitið, síðan hefði hann tekið framan á fót Sigurðar og hrist hann til. Sigurður hefði í sífellu sagt: „Ég veit ekkert um flöskuna.“ Þá kvaðst ákærða muna að Sigurður gekk að fataskápnum sem er í svefnherberginu og opnaði hann. Rótaði hann eithvað í skápnum og sagði síðan: „Ég veit ekkert um flöskuna, ég tók hana ekki.“ Þetta hefði gerst eftir að ákærði barði hann a.m.k. einu sinni í andlitið. Þessu næst hefði ákærði hrint Sigurði aftur á bak í rúmið, stokkið ofan á hann og byrjað að berja hann í andlitið í sífellu. Kvaðst ákærða með engu móti geta tilgreint fjölda högga, en um hefði verið að ræða sífelld högg með báðum höndum.

Ákærða kvað Sigurð hafa verði liggjandi á bakinu í rúminu en höfuð hans verið upp við vegginn, þannig að hann hefði verið í nokkurs konar sitjandi stöðu með andlitið hallandi út til annarrar hliðar. Þó hefði hann ekki verið það uppreistur að hægt væri að segja að hann hefði verið sitjandi, en allt að því. Ákærða kvaðst muna að hún heyrði eitthvert uml í honum um það leyti sem þau yfirgáfu staðinn.

Ákærða kvað þau hafa farið úr íbúðinni samtímis og kvaðst hún muna að þau hefðu ekki lokað hurðinni á svefnherberginu en útihurðinni hefðu þau læst. Þá kvaðst ákærða ekki muna hvort þau slökktu ljósið eða ekki.

Daginn eftir er þau komu á Grettisgötuna var svefnherbergishurðin lokuð, en ekki kvaðst ákærða muna hvort ljós loguðu.

Ákærða fór inn í svefnherbergið og voru augu Sigurðar lokuð. Ákærða kvað Sigurð hafa verið fullklæddan eins og þau skildu við hann daginn

áður, en hann hefði legið í rúminu með öðrum hætti. Var ákærða alveg viss um þetta.

Ákærða kvaðst nú hafa kallað upp yfir sig, þar sem henni flaug í hug, að Sigurður hefði fengið hjartaáfall eða eitthvað í sambandi við asmaveiki hans. Ekki kvaðst ákærða þó hafa hugsað að Sigurður væri dáinn.

Höfu þau nú lifgunartilraunir þær sem áður er lýst. Ákærða kvaðst muna að ákærði hafði orð á því að Sigurður væri kaldur viðkomu. Ákærða kvaðst hafa tekið á fæti Sigurðar sem hún reyndar hafði oftsinnis gert er hann kvartaði um kulda, og hefði henni vírst sem kuldi þessi væri ekki óvenjulegur.

Þessu næst bað ákærði ákærðu að sækja sæng Sigurðar sem var frammi í stofu og kvaðst ákærða hafa sótt sængina og breitt yfir Sigurð.

Ákærða kvað þau hafa verið í miklu uppnámi á Grettisgötunni á laugardeginum og hringdi síminn margsinnis en þau þorðu ekki að svara.

Ákærða taldi að hún hefði hringt á sjúkrahvati um hálfri klukkustund eftir að þau komu heim til Péturs, en áður voru þau búin að hafa orð á því að Sigurður væri illa haldinn eftir átök við skeggjaða manninn. Vegna hræðslu þorði ákærða ekki að gefa upp nafn sitt.

Ákærða sagði, að er hún tilkynnti um Sigurð veikan, hefði hún talið sig fá símanúmerið hjá ákærða. Þegar hún hringdi í uppgefið númer svaraði lögreglan. Ákærða kvaðst því hafa spurt í hvaða númer hún ætti að hringja ef hún ætlaði að tilkynna um fársjúkan mann. Lögreglan hefði svarað að þetta væri númerið og kvaðst ákærða því hafa tilkynnt um Sigurð. Ákærða kvaðst aðeins hafa hringt einu sinni út af þessu og það hefði verið í lögregluna.

Ákærða kvaðst ekki minnst þess, að lögregla hefði komið á Grettisgötu 19 B kvöldið sem átökin áttu sér stað. Þá kvaðst hún ekki minnst þess, að nokkur hefði verið að ónáða þau, nema ef vera skyldi sonur konunnar á neðri hæðinni sem stundum væri að berja upp undir gólfíð. Ákærða kvaðst ekki minnst þess að hafa orðið vör við að snjóboltum væri kastað í gluggana.

Ákærða harðneitaði að hafa brotið símataekið með því að slá Sigurð með því.

Ákærði var enn yfirheyrður 5. mars sl. og spurður um gerðir sínar umræddan föstudag. Kvaðst ákærði hafa hugsað þetta mál náði og komist litlu nær. Þó kvað ákærði sig minna að þau hefðu farið í áfengisverslunina við Snorrabraut til að kaupa áfengi og taldi að það hefði jafnvel verið fyrir hádegi. Dagurinn hefði farið að mestu í að sofa úr sér vindauga og er hann hefði vaknað aftur hefði hann byrjað drykkju að nýju. Þá taldi ákærði ákærðu hafa farið aftur út til áfengiskaupa síðdegis og þá komið með fyrrgreindar tvær brennivínsflöskur.

Ákærði kvaðst nú muna að hann hefði falið flöskuna milli dýnanna í rúminu í svefnherberginu. Hann kvaðst þó ekki viss hvort hér væri um að ræða sömu flöskuna því þau hefðu oftsinnis haft þennan hátt á því að vernda áfengisbirgðir, þ.e. að fela hluta þeirra einhvers staðar.

Ákærði kvaðst telja að hann hefði slegið Sigurð tvívegis með krepptum hnefa í andlitið meðan Sigurður stóð í fæturnar og tvisvar til þrisvar á sama hátt eftir að Sigurður hafði fallið aftur fyrir sig í rúmið. Ákærði kvaðst telja að falskar tennur, sem Sigurður hafði, hefðu verið á náttborði í svefnherberginu þegar átökin byrjuðu. Ákærði kvað Sigurð hafa verið með uppköst í marga daga og hafi tennurnar því illa tollað í munni hans.

Ákærða var bent á að tennur Sigurðar hefðu verið blóðugar á náttborðinu er lögregluna bar að. Ákærði kvaðst ekki minnst þess að hafa tekið út úr Sigurði tennurnar í átökunum eða eftir þau. Ef svo hefði verið myndi hann ekki eftir því. Ákærði kvaðst enga skýringu hafa á því af hverju tennurnar voru blóðugar.

Ákærði kvaðst telja að ákærða hefði stöðvað hann í frekari barsmíðum og kvaðst minnst þess, að hún kallaði: „Viddi, Viddi, hættu þessu“. Kvaðst ákærði þá hafa áttað sig á því, hvað hann var að gera. Ákærði kvaðst telja, að hann hefði síðan fundið brennivínsflöskuna til fóta við rúmið undir fatahrúgu. Hann kvaðst þó ekki vera alveg viss um þetta atriði, verið geti að ákærða hefði fundið flöskuna á undan honum.

Ákærði kvaðst viss um að þau hefðu skilið við Sigurð liggjandi á bakinu í rúminu. Ákærði kvað þau hafa yfirgefið Sigurð samtímis, en þó hefði hann gengið á eftir henni út. Ekki kvaðst ákærði muna hvort þau slökktu ljós eða lokuðu hurðinni í svefnherberginu. Þau hefðu hins vegar læst úti-hurðinni á eftir sér. Ákærði kvaðst hafa verið í þeirri trú að Sigurður væri rotaður og ekki hvarflað að honum að hann væri í hættu. Ákærði kvaðst muna að hann heyrði Sigurð draga andann, en um hafi verið að ræða þungan andardrátt, líkt og þreyttur maður dregur andann.

Þegar ákærðu komu á Grettisgötuna opnaði ákærða með lykli sem hún hafði og þau gengu inn. Ákærði kvaðst telja að hann hefði farið á undan inn í svefnherbergið en ákærða komið fast á eftir. Ákærðu hefði þó orðið talsvert mikið um er hún sá Sigurð liggja þetta illa útlitandi í rúminu, svo að hún hefði farið aftur fram í stofu til að fá sér að drekka af kardi-mommudropunum.

Ákærði kvaðst hafa skilið við Sigurð á laugardeginum þannig, að hann hefði snúið líkama hans svo, að hann lá á vinstri hlið með andlit frá vegg. Nokkurt blóð var í koki Sigurðar, sem hafði komið úr vitum hans er ákærði snéri honum. Einnig kvaðst ákærði hafa þvegið blóð af munni Sigurðar með handklæði. Þá kvaðst ákærði hafa breitt sæng yfir Sigurð áður en þau fóru út úr húsinu. Ákærði taldi að Sigurður hefði legið ofan á sænginni

er þau komu að honum, en hann dregið hana undan honum til að breiða yfir hann.

Ákærðu hafa bæði borið með áþekktum hætti við meðferð málsins og staðfest áðurgreindar skýrslur hjá rannsóknarlögreglu. Ákærði Viðar telur að málavöxtum í ákæru sé að því er sig varði rétt lýst. Ákærða Sólrún hefur gert þá athugasemd eina við verknaðarlýsingu ákæru að hinn látni hafi ekki verið í sömu stellingum þegar þau komu í íbúðina um hádegi laugardaginn 23. febrúar sl. og hann hefði verið kvöldið áður, þegar þau fóru á brott.

Ákærði telur sig hafa barið Sigurð 3-4 hnefahögg, öll í andlitið þar sem hann lá ofan á Sigurði í rúminu.

Ákærði kannast ekki við að hafa heyrt ákærðu kalla til sín varnaðarorð um það að Sigurður væri hjartasjúklingur, þegar hún bað hann að hætta barsmíðunum. Hins vegar vissi ákærði að Sigurður var hjartasjúklingur.

Ákærða tekur fram vegna þessa, að hana minni að hún hafi viðhaft þau ummæli sem ákærði mótmælir. Hún vill þó ekki fullyrða þetta.

Þau ákærðu hurfu fljótlega á brott eftir barsmíðarnar, en áður hafði ákærði hugað að ástandi Sigurðar og virtist hann kjálkabrotinn. Taldi ákærði Sigurð ekki í neinni lífshættu og gerði engar ráðstafanir til að afla honum læknishjálpar.

Ákærða kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, hversu mörg högg ákærði sló Sigurð og ekki hugaði hún sérstaklega að líkamlegu ástandi hans áður en þau hurfu í brott úr íbúð hans en þaðan fóru þau fljótlega eftir að barsmíðunum lauk.

Ákærða gerði sér ekki grein fyrir því, að Sigurður væri meðvitundarlaus og heyrði eitthvað umla í honum er þau fóru. Hún segist ekki hafa séð blóð á andliti hans og sé rangt eftir henni haft hjá rannsóknarlögreglunni að hún hafi séð að Sigurður væri illa farinn í andliti og að úr honum blæddi.

Ákærðu minnir að hurðin að svefnherberginu hafi verið opin er þau hurfu á brott, en lokuð er þau komu aftur næsta dag. Ákærðu leist illa á útlitið, er þau sáu Sigurð í rúminu og gerði ákærða sér grein fyrir að hann var meðvitundarlaus. Þá hvarflaði að ákærðu að Sigurður kynni að vera látinn.

Ákærði man ekki eftir að hafa heyrt hringt í síma í íbúð Sigurðar á laugardeginum. Ákærði getur ekki upplýst um hvenær síminn var tekinn úr sambandi í íbúð Sigurðar.

Ákærða segir að það hafi ekki verið samantekin ráð þeirra ákærðu að svara ekki símanum í íbúð Sigurðar á laugardeginum þegar hann hringdi. Þau ræddu þetta ekki sín á milli. Hvorugt þeirra svaraði símanum. Minnir ákærðu að þau hafi tekið símann úr sambandi áður en þau hurfu á brott.

Ákærða ímyndar sér að þau hafi komið á heimili Sigurðar á laugardegnum milli kl. 13.30 og 14. Hún er þó ekki viss á þessari tímasetningu. Hún segir þau hafa verið ákveðin í því að hringja á sjúkralið, en brast kjark til þess þar til ákærða gerði það.

Vitnið Svanhildur Pálsdóttir, Ferjubakka 10 í Reykjavík, móðir ákærðu, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu. Vitnið vildi við meðferð málsins nýta undanþágurétt sinn frá vitnisburði, og verður framburður vitnisins hjá lögreglu því eigi rakinn.

Vitnið Pétur Ragnar Bæring Einarsson verkamaður, Laugavegi 158 í Reykjavík, skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá 23. febrúar sl. að það hefði verið á milli kl. 17 og 18 umræddan dag að ákærðu komu í heimsókn til þess. Þá var vitnið vel við skál. Ákærðu höfðu meðferðis áfengi, en vitnið vissi ekki hve mikið. Bæði voru þau vel undir áhrifum. Á meðan vinið entist var setið við drykkju. Vitnið fór inn í herbergi sitt og sofnaði þar. Vitnið mundi ekki hvað klukkan var þegar það yfirgaf ákærðu í stofunni.

Á milli kl. 9 og 10 næsta morgun vaknaði vitnið og leit inn í stofuna og sá þá ákærðu sofandi á stofugólfinu. Vitnið skipti sér ekki af þeim en rétt úr þessu fóru þau að rumska.

Vitnið heyrði að annað hvort ákærðu fór að nota símann í stofunni.

Um kl. 10.30 fóru ákærðu og höfðu orð á að þau ætluðu að kaupa „kardó“. Vitnið vissi ekki hvert ferð þeirra var heitið.

Um kl. 16.30 eða á milli kl. 15 og 16 komu ákærðu aftur. Þá sagði ákærði við vitnið, svo að ákærða heyrði, hvort hann mætti trúá því fyrir leyndarmáli, og í framhaldi af því sagði hann: „Sigurður Breiðfjörð er dauður.“ Vitninu skildist að þau hefðu farið heim til Sigurðar frá því um morguninn. Nefndi ákærði að Sigurður hefði verið kaldur eða stirnaður. Ákærða sagði: „Hann var ekkert dauður hann var með opin augun.“ Bæði sögðust ákærðu hafa verið heima hjá Sigurði daginn áður og hefði þá maður komið og ráðist á Sigurð. Þau nefndu manninn með nafni þannig að þau hlutu að hafa þekkt hann. Vitnið mundi ekki nafnið og ekki gáfu ákærðu nánari lýsingu á þessari árás og sögðust hafa orðið að forða sér burt. Vitnið sagðist ekki nenna að hlusta á svona „djók“. Það gaf í skyn að það vildi losna við ákærðu og fóru þau.

Vitnið hringdi í móður Sólrúnar og sagði henni undan og ofan af því sem ákærðu höfðu sagt því.

Vitnið var yfirheyrð á ný næsta dag og sagði nú, að það hefði komið heim umræddan föstudag á milli klukkan 18 og 19. Mjög fljótlega á eftir kom móðir ákærðu og minnti vitnið fastlega að mjög skömmu síðar hefðu ákærðu komið. Hefði þetta verið um mjög svipað leyti. Voru móðir ákærðu og þau með flösku meðferðis.

Vitnið taldi að drykkjan hefði staðið óslitið í stofu þess fram að miðnætti. Hefði ekkert þeirra farið út á þessum tíma.

Í þessari yfirheyrslu sagði vitnið að ákærðu hefðu farið á milli klukkan 11 og 12. Höfðu þau orð á að ná í vín eða „kardó“.

Um kl. 15 komu ákærðu aftur og höfðu þá meðferðis nokkur glös af „kardó“. Þá sagði ákærði vitninu áðurgreint leyndarmál og ákærða mót-mælti því. Einnig sagði ákærði: „Ég kom við hann og hann var kaldur.“ Ákærðu sögðu vitninu að maður hefði ráðist á Sigurð og hefðu orðið hörku slagsmál og þau forðað sér.

Ákærða hringdi heimanað frá vitninu í sjúkralið eða lögreglu og sagði að eitthvað alvarlegt hefði skeð á Grettisgötunni heima hjá Sigurði. Bað ákærða að sent yrði á staðinn. Hún kynnti sig ekki með nafni sínu í símanum. Vitnið bað ákærðu að fara þar sem það þyrfti að fara á sjúkrahús og hitta eiginkonu sína. Fóru þau um kl. 16 og hafði vitnið ekki séð þau síðan. Eftir að ákærðu voru farin hringdi vitnið til móður ákærðu og sagði henni hvað ákærðu hefðu sagt því varðandi Sigurð. Þá virtist vitninu að ákærða hefði þegar hringt í móður sína og sagt henni að hún, ákærða, hefði barið Sigurð með simtækinu. Ekkert barst í tal um neitt kjálkabrot.

Vitnið Einar Elíson sjómaður, Ferjubakka 10 í Reykjavík, bróðir ákærðu, óskaði ekki eftir að nýta undanþágurétt sinn frá vitnisburði.

Vitnið skýrði rannsóknarlögreglu svo frá að það hefði komið á heimili Sigurðar umræddan föstudag, að það minnti klukkan 17 eða 17.30. Voru þar þá stödd, auk ákærðu og húsráðanda, nafngreindur maður og móðir ákærðu, öll eitthvað öluð.

Vitnið kvaðst hafa komið á heimili Sigurðar vegna þess að móðir þess hafði hringt í það og beðið það að sækja sig.

Vitnið kvaðst ekkert hafa stansað í þetta skipti en fór fyrir fólkið í Ríkið, og þegar það kom til baka ók það móður sinni heim og áðurgreindum manni. Þegar vitnið kom þarna í þetta skipti sá það Sigurð, en hann sat í stól, og tók vitnið ekki eftir neinu sérstöku við hann. Vitnið hafði hins vegar komið þarna daginn áður og þá tók vitnið eftir því að Sigurður var með stóran skurð á enninu og var blóðstorka í kring um hann. Vitnið tók einnig eftir því þá að síminn lá á gólfinu og var allur mölbrotinn. Þegar vitnið kom þarna daginn áður var Sigurður einn heima, en ákærðu höfðu farið út í banka eða svo sagði Sigurður vitninu. Vitnið tók eftir því að Sigurður var ölvaður þegar það kom þarna en því fannst hann ekki neitt slappur. Vitnið ákvað þess vegna að fara aftur og reyna að koma seinna til að hafa tal af ákærðu en vitnið var með peninga til hennar frá móður þeirra. Vitnið taldi að það hefði verið í burtu í um það bil einn og hálfan klukkutíma en þegar það kom til baka voru ákærðu komin. Þegar vitnið kom þarna í fyrra skiptið þennan dag sagði Sigurður að ákærða hefði

brotið símann á hausnum á sér og þannig hefði hann hlotið áverkann. Eftir að vitnið kom þarna í seinna skiptið barst þetta í tal öðru hvoru og ákærða viðurkenndi að hafa gert þetta. Á meðan vitnið var stadd þarna í þetta skipti fékk Sigurður einhvers konar krampa og stífnaði upp. Mundi vitnið eftir því að það hjálpaði honum inn í svefnherbergi og lagði hann í rúmið. Ákærðu sprautuðu síðan upp í Sigurð asmalyfi og á eftir sagði ákærði að henn hefði gefið Sigurði fjórar töflur af Mogadon til þess að hann sofnaði. Vitnið kvaðst ekki hafa séð þegar ákærði var að gefa Sigurði lyfin.

Eins og áður var komið fram sá vitnið símann mölbrotinn á gólfinu og vissi ekki annað en honum hefði verið hent út í ruslatunnu en vitnið hjálpaði ákærðu við að taka til í íbúðinni. Vitnið tók fram að það kynni að vera að sjálft tólið af simanum hefði verið eftir í íbúðinni, en það þorði ekki að fullyrða um það. Vitnið fór sjálft út með ruslið og gat bent á þær tunnur sem það setti þetta dót í.

Vitnið kvaðst hafa ekið móður sinni að Laugavegi 158 umrætt föstudagskvöld. Mundi vitnið ekki betur en klukkan hefði verið um 20.30 er það kom með hana þangað. Ástæðan fyrir því að vitnið taldi sig muna þetta var sú að það var lagt af stað með hana þegar hún mundi eftir því að hún hafði gleymt peningum heima og bað vitnið að snúa við og sækja þá. Vitnið gerði það og fór inn með henni, og taldi vitnið sig muna það rétt að þegar það kom inn hafi fréttirnar verið búnar í sjónvarpinu og einhver fræðsluþáttur byrjaður. Stönsuðu vitnið og móðir þess stutt heima, og vitnið ók henni beint að Laugavegi 158, en þar fór hún úr bílnum, en vitnið fór ekki inn.

Vitnið kvaðst ekki hafa hitt ákærðu eftir að það sótti móður sína til þeirra né heldur heyrt í þeim í síma.

Vitnið Ingigerður Sigurósk Guðmundsdóttir, Grettisgötu 19 í Reykjavík, skýrði rannsoknarlögreglunni frá því að það hefði hringt í lögregluna í Reykjavík kl. 21.27 umrætt föstudagskvöld og óskað þess, að hún kæmi að Grettisgötu 19 B vegna ölvaðs manns með háreysti við húsið, en hann var síðan allt í einu kominn inn í stofu til vitnisins. Var maðurinn svo ölvaður að hann gat varla mælt. Komu vitnið og maður þess manningnum út og kvöddu síðan til lögregluna. Vitnið mundi ekki hvort það ræddi nokkuð við lögregluna er hún kom, og vissi vitnið ekki hvort lögreglan hafði samband við einhvern að Grettisgötu 19 B. Á þessum tíma var allt hljótt og í rólegheitum í íbúð Sigurðar, en vitnið kvaðst telja að þar hefði logað ljós. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við frekari mannaferðir við húsið þetta kvöld.

Vitnið kvaðst hafa farið á dansleik um kl. 23 um kvöldið og þá séð að ljós logaði í íbúð Sigurðar. Ekki heyrði vitnið neina háreysti þá, aldrei þessu vant. Þegar vitnið kom heim til sín aftur, laust fyrir kl. 4, var búið að

slökkva öll ljós í íbúð Sigurðar. Vitnið taldi að það hefði vaknað um kl. 10 á laugardagsmorgninum. Kvaðst vitnið ekki hafa orðið vart við neinar mannaferðir við Grettisgötu 19 B.

Vitnið Sigríður Pétursdóttir, Grettisgötu 19 B í Reykjavík, skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá að það hefði komið heim úr vinnu um kl. 18 umræddan dag og verið lasið og þeytt eftir langvarandi vökur sem íbúi á efri hæð og gestir hans hefðu valdið því. Vitnið kvaðst hafa lagt sig og nokkru síðar farið að hressast.

Um kl. 20 tók vitnið eftir að rafmagnsreikningur, sem stílaður var á Sigurð Breiðfjörð, hafði verið látinn inn hjá því. Vitnið kvaðst því hafa farið upp tröppurnar að útidyrum Sigurðar og látið reikninginn inn um lúgu á hurðinni. Er vitnið var komið niður stigann aftur kom Sigurður út úr íbúð sinni og jós yfir vitnið skömmum og hótaði að hringja á lögregluna. Vitnið kvað Sigurð hafa verið óvenju sjúskadan og illa til reika en kvaðst ekki hafa séð á honum neina áverka. Vitnið kvaðst ekki muna hvernig hann var klæddur en taldi að hann hefði verið í eins konar blússu og dökkum buxum.

Vitnið kvaðst hafa farið frá heimili sínu í beinu framhaldi af viðtali sínu við Sigurð þar sem það var að fara í heimsókn til kunningja.

Vitnið taldi að það hefði komið heim til sín aftur skömmu eftir klukkan 20.30 þar sem það mundi eftir að hafa horft á fréttir hjá kunningjafólki sínu sem býr á Grettisgötu 36.

Vitnið kvaðst hafa heyrt umgang uppi og heyrt að einhverjir voru þar gestkomandi. Ekki hefði þó verið um háreysti að ræða, allavega ekki í fyrstu. Vitnið kvaðst hafa sest fyrir framan sjónvarp sitt og þar sem það er fremur heyrnardaft hækkandi það í sjónvarpinu, m.a. vegna síaukins hávaða sem barst frá íbúðinni á efri hæðinni.

Vitnið taldi að það hefði verið um það leyti sem sakamálamynd í sjónvarpinu hófst að miklir dynkir og hróp komu frá íbúð Sigurðar. Vitnið kvaðst þó ekki vilja fullyrða að ópin hafi komið að ofan, vel gæti verið að þau hefðu verið í sjónvarpinu. Vitnið kvaðst einmitt hafa farið fram í eldhús til að hita sér drykk er mestu ólætin voru og því erfitt að greina hvað kom frá sjónvarpinu og hvað kom frá íbúð Sigurðar. Þessu næst varð hljóðara en þó var einhver umgangur uppi. Nokkru síðar, en vitnið kvaðst ekki vita hvað tíma leið, hætti allur umgangur og virtist sem allir væru farnir út. Vitnið taldi að talsverður hluti myndarinnar hefði þá verið búinn eða klukkan allt að því 23. Var vitnið eitt heima allt kvöldið.

Vitnið sagði að þegar allt var orðið hljótt hjá Sigurði hefði maður nokkur bankað upp hjá vitninu sem kvaðst ekki hafa opnað fyrir en maðurinn hafði gengið frá og þá kallað hvað hann vildi. Maðurinn, sem var undir áhrifum vímuefna, sagði að hann væri að leita að manni og tók stökk í átt að dyrum

vitnisins sem skellti hurðinni í lás. Maður þessi yfirgaf staðinn skömmu síðar. Um leið og þetta gerðist kvaðst vitnið hafa heyrt eins og gengið væri varlega um gólf í íbúð Sigurðar, en það hefði þó ekki orðið vart við neinar mannaferðir.

Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við að fólk yfirgæfi íbúð Sigurðar um kvöldið eða að gesti bæri að garði. Það hefði einungis heyrt umganginn og ólætin, eins og áður greinir.

Vitnið kvaðst ekki þekkja ákærðu í sjón og gæti því ekki borið um veru þeirra að Grettisgötu 19 B. Hins vegar hefðu gestakomur ýmissa óreglumanna verið tíðar til Sigurðar og kvaðst vitnið ekki hafa veitt neinum sérstökum athygli í því sambandi öðrum fremur.

Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við að einhver kastaði snjó í glugga á efri hæð eða væri með hróp og köll fyrir utan húsið á föstudagskvöldinu. Á laugardeginum kvaðst vitnið hafa farið að heiman um kl. 9.30 í vinnu sína. Það vann til um kl. 14 og kom heim um kl. 15 á laugardeginum.

Samkvæmt endurriti úr dagbók D-vaktar lögreglunnar í Reykjavík var lögreglan kvödd að Grettisgötu 19 B tvívegis umrætt föstudagskvöld, kl. 20.45 og 21.27.

Þrír lögreglumenn sinntu fyrra útkallinu og einn þeirra hinu síðara. Verður nú rakinn framburður þeirra hjá rannsóknarlögreglu.

Vitnið Haukur Ásmundsson lögreglumaður, Furugerði 7 í Reykjavík, kvaðst hafa verið sendur í útkall tvívegis að Grettisgötu 19 B í Reykjavík umrætt kvöld.

Vitnið kvaðst hafa komið í fyrra skiptið um kl. 20.45 að húsinu ásamt tveim öðrum lögreglumönnum. Bankaði það hjá Sigurði, sem kom til dyra og kvaðst vera einn heima. Lögreglumennirnir skýrðu frá því að þeir væru komnir vegna kvartana frá sambýlisfólki hans, en hann sagði þeim að tala við fólkið á neðri hæðinni sem væri að henda í gluggann hjá honum.

Þegar vitnið kom þarna í þetta skipti var Sigurður greinilega ölvaður en rólegur og allt í lagi að tala við hann. Vitnið mundi ekki betur en Sigurður hefði verið klæddur í ljósgráa peysu að ofan, en vitnið tók ekki sérstaklega eftir litnum á buxunum sem hann var í, enda myrkur í stigaganginum.

Í seinna skiptið, sem vitnið fór að Grettisgötu 19 B, var klukkan um 21.20, en þá fór vitnið vegna kvartana frá fólki sem á heima í næsta húsi við Grettisgötu 19 B.

Í þetta skipti fór vitnið eitt. Það fór og bankaði hjá Sigurði sem kom ekki strax til dyra, en þegar hann loksins kom þá sagðist hann hafa verið á salerninu. Sigurður sagði vitninu þá að hann væri hættur að standa í þessu og kvaðst vera að fara að sofa. Vitnið tók ekki sérstaklega eftir klæðnaði Sigurðar í þetta skipti. Vitnið mundi eftir því að Sigurður sagði því að hann væri einn heima og það sagði hann án þess að vitnið spyrdi

að því. Vitnið sá að Sigurður var ölvaður en hann var ekki meira ölvaður en þegar vitnið kom í fyrra skiptið. Vitnið sá enga áverka á Sigurði og hann kvartaði ekki yfir neinu. Gat vitnið ekki annað séð en allt væri í lagi með hann.

Vitnið fór í hvorugt skiptið upp í íbúðina til Sigurðar og gat þar af leiðandi ekki um það sagt hvort einhver var hjá honum eða ekki.

Vitnið Einar Ásbjörnsson lögregluþjónn, Flúðaseli 93 í Reykjavík, kvaðst hafa verið sent að Grettisgötu 19 B, ásamt tveim öðrum lögreglumönnum umrætt föstudagskvöld um kl. 20.45. Komið hafði beiðni frá Sigurði, að lögreglan kæmi á staðinn vegna ónæðis sem hann sagðist hafa orðið fyrir frá hendi nábúa sinna að vitnið taldi. Lögreglumennirnir knúðu dyr hjá Sigurði, og kom hann að nokkrum tíma liðnum til dyra. Var hann ölvaður og sjúskaður að sjá. Ekki sáuðst neinir áverkar á honum. Vitnið kvaðst ekki muna í hvernig fötum Sigurður var, en taldi að hann hefði verið klæddur dökkleitri skyrtu að ofan og jakkalaus. Sagði Sigurður að hann hefði ekki svefnfrið vegna hávaða frá nágrönnum sínum, en ekki hefði hann nefnt neinn sérstakan í því sambandi. Þeir hafi ekki aðhafst neitt frekar í máli þessu og litið á þetta sem ölvunarrugl í Sigurði, enda daglegt brauð eða því sem næst að lögreglan væri kvödd að Grettisgötu 19 B vegna ölvunar á heimili Sigurðar.

Vitnið gat þess að í þau skipti, sem það hefi farið í útkall á heimili Sigurðar, þá hefði það séð ákærðu sem dvalið höfðu um nokkurn tíma á heimili Sigurðar. Umrætt kvöld hefðu þeir ekki farið upp í íbúðina til Sigurðar og ekki heyrt í neinum uppi. Þá höfðu þeir ekki spurt Sigurð hvort einhver væri hjá honum. Fóru þeir við svo búíð.

Vitnið Óskar Bjartmarz lögreglumaður, Espigerði 12 í Reykjavík, kvaðst umrætt kvöld hafa farið í „ölvunarkall“ að Grettisgötu 19 B kl. 21. Íbúi efri hæðar hússins kom til dyra og sagðist hafa verið sofandi og vilja fá frið. Slæm lýsing var þarna og því gat vitnið ekki merkt hvort maðurinn var ölvaður. Vitnið gat ekki merkt neina áverka á honum. Vitnið hafði tvívegis áður farið í húsið og þekkti manninn fyrir íbúa efri hæðarinnar. Lögreglumennirnir snéru frá við svo búíð og höfðu ekki frekari afskipti af þessu.

Öll framangreind vitni hafa komið fyrir dóminn við meðferð málsins, borið með áþekkingu hætti og hjá rannsóknarlögreglu og staðfest skýrslur sínar hjá henni.

Vitnið Pétur Ragnar Bæring telur nú að móðir ákærðu hafi komið á heimili þess einhvern tíma í kringum kl. 20 umrætt föstudagskvöld og um svipað leyti hafi ákærðu komið. Vitnið man þó ekki hvort þau komu á undan eða eftir móður ákærðu.

Vitnið kveðst hafa talið að um brennivínsdauða væri að ræða þegar ákærði sagði því í trúnaði að Sigurður væri „dauður“.

Vitnið Einar sá ekkert athugavert við Sigurð umræddan dag nema að hann var ölvaður.

Vitnið Ingigerður Sigurósk kveðst hafa heyrt einhvern hávaða við húsið Grettisgötu 19 B kvöldið 22. febrúar sl. Vitnið getur ekki tímasett þetta frekar. Þá getur vitnið ekki upplýst hvort hávaðinn kom innan úr húsinu eða var fyrir utan það. Var vitnið inni í húsi sínu þegar það heyrdi þennan hávaða. Eftir þetta síðar um kvöldið kvaddi vitnið lögreglu á vettvang vegna ölvaða mannsins.

Vitnið Sigríður man ekki hvort ljós voru í íbúð Sigurðar er það kom heim aftur á föstudagskvöldinu en segir að dimmt hafi verið þegar það fór í burtu.

Vitnið sagði rangt eftir því haft í skýrslu þess hjá rannsóknarlögreglu að það hefði heyrt mikla dynki og hróp frá íbúð Sigurðar, það hefði heyrt eitt óp sem gæti hafa komið þaðan.

Vitnið Hans Sigurbjörnsson lögreglumaður, Öldugranda 5 í Reykjavík, gerði skýrslu um fyrstu afskipti lögreglunnar af málinu. Vitnið hefur staðfest hana við meðferð þess.

Vitnið Jónas Jón Hallsson rannsóknarlögreglumaður, Bergholti 11 í Mosfellssveit, hefur staðfest áðurgreindar skýrslur sínar við meðferð málsins.

Vitnið Melvin McInnes aðstoðarlæknir, Kjalarlandi 8 í Reykjavík, kom með neyðarþjónu frá Borgarspítalanum að Grettisgötu 19 B umrætt sinn. Gerði vitnið skýrslu fyrir aðstoðarborgarlækni um för sína þangað. Samkvæmt þeirri skýrslu, sem vitnið hefur staðfest við meðferð málsins, skoðaði vitnið Sigurð heitinn og úrskurðaði hann látinn en treysti sér ekki til að spá um dánarorsök né tímalengd frá andláti.

Fyrir dóminum hefur vitnið lýst þeirri skoðun sinni að andlát Sigurðar heitins hafi borið að höndum 1-6 klst. áður en vitnið skoðaði lík hans. Ekki þorir vitnið þó að fullyrða þetta.

Vitnið Heimir Bjarnason aðstoðarborgarlæknir, Vatnsholti 6 í Reykjavík, kom að Grettisgötu 19 B rétt fyrir klukkan 16 og voru þá lögreglubíðir og sjúkrahíðir við húsið. Leit vitnið á lík Sigurðar og íbúð hans. Gerði vitnið skýrslu um þetta sem það hefur staðfest við meðferð málsins. Jafnframt hefur vitnið látið uppi það álit sitt að Sigurður hafi andast 2-6 klst. áður en það sá lík hans. Ekki getur vitnið þó fullt þetta.

Ragnar Vignir aðstoðaryfirlögregluþjónn, Giljalandi 4, Guðmundur Guðmundsson lögreglufulltrúi, Nesvegi 72, Steindór Gunnarsson rannsóknarlögreglumaður, Ánalandi 6, allir í Reykjavík, Bjarnþór Aðalsteinsson rannsóknarlögreglumaður, Stórateigi 20, Högni Einarsson rannsóknar-

lögreglumaður, Stórateigi 12, báðir í Mosfellssveit og Sigurjón Pálsson varðstjóri, Miðvangi 105 í Hafnarfirði, höfðu allir afskipti af rannsókn málsins og hafa við meðferð þess staðfest þau verk sín.

Fatnaður ákærðu, sem þau voru í eru þau voru handtekin, var rannsak-
aður, svo og fatnaður sá sem hinn látni var í er að honum var komið.
Gerðu vitnin Ragnar og Steindór skýrslur um rannsóknina.

Samkvæmt skýrslum vitnanna voru nokkrir blóðblettir eða blettir, sem
gáfu blóðsvörun, í fatnaði ákærða, bol og gallabuxum og á hægri ermi
mittisúlpú ákærðu. Þá voru samskonar blettir á skyrtu og leðurjakka, sem
hinn látni hafði verið í.

Vegna framburðar vitnisins Sigríðar um hávaða frá íbúð Sigurðar heitins
um það leyti, sem sakamálamynd byrjaði í sjónvarpinu, fengust þær upp-
lýsingar frá sjónvarpinu að kvikmyndin Gaslight hefði byrjað klukkan
22.21 umrætt kvöld.

Lík Sigurðar Breiðfjörð var krufið og segir svo í skýrslu Ólafs Bjarnar-
sonar prófessors um krufninguna:

„Krufningin:

Líkið er af 170 cm háum karlmanni, grannholda. Líkið er alstirt og rauð-
bláleittir líkblettir dreifðir um aftanverðan líkamann. Ekkert sérstakt á
augum að sjá. Töluvert storkið blóð er í nösnum en ekkert sérstakt á ytri
eyrum að sjá. Efst á enninu utanvert vi.megin er 2 cm langur skurður sem
gengur aðeins yfir í hársvörðinn. Skurður þessi er með tættum börmum
og gengur alveg inn í bein. Umhverfis hann er mikið blóðstorkuhrúður á
húðinni. 2,5 cm ofan við miðja vi. augabrún er 0,8 cm löng skurfa sem
gengur aðeins inn í húðina. Milli augabrúna eru nokkrar grunnar rispur
og undir þeim mar í húðinni. Yfir vi. kinnbeini er upphlaupið mar 3,5×3
cm. Marblettir eru neðanvert á hökunni beggja vegna. Báðir gómar eru
tannlausir en í munninum töluvert blóðlitað slím. Þegar þreifað er á neðri
kjálka finnst að kjálkinn er brotinn beggja vegna um 8 cm aftan við miðja
höku. Svo er að sjá sem aftari brotendi vi.megin hafi stungist í gegnum
húðina 1 cm neðan við vi. munnvik og er þar 1 cm langur skurður með
tættum börmum. 0,5 cm ofan við vi. munnvik er annar skurður með
tættum börmum sem gengur í gegnum húð og mælist 0,7 cm á lengd. Efst
á bringunni vi. megin eru dreifðir marblettir, nýlegir og ganga upp á vi.
viðbein en þar er nokkur nýleg blæðing í subcutis. Umhverfis skurfurnar
í andlitinu eru blóðstorkublettir. Einnig er nokkurt storkið blóð á fingrum
hæ. handar. Önnur áverkamerki en að ofan getur sjást ekki við ytri skoðun
á líkinu.“

Í lok skýrslunnar segir síðan svo:

„Ályktun:

Við krufninguna komu í ljós verulegir áverkar á höfði og var neðri kjálki meðal annars brotinn beggja vegna. Er augljóst að maðurinn hefir fengið mjörg þung högg í andlit (enni, nef, vinstri kinn og höku). Upplýst er að maðurinn var asthmasjúklingur og við krufninguna fannst veruleg lungnaþemba (emphysema pulmonum) og blóðfylla og bjúgur í lungunum. Einnig var hjarta stækkað og þanið. Þá hefir maðurinn að líkindum verið ölvaður er hann lést og auk þess var hann með væga digoxineitrun. Hann var og með fitulifur á háu stigi og hrörnunarbreitingar í nýrum.

Líklegast þykir að þau högg er maðurinn mun hafa hlotið í andlit hafi valdið meðvitundarleysi (maðurinn verið barinn í rot). Það er þekkt að höfuðáverkar geta valdið lungnabjúg, en í þessu tilfelli hefur lungnabjúgurinn orðið manninum að bana. Sá möguleiki er einnig fyrir hendi að meðvitundarleysið og hið lélega líkamlega ástand mannsins ásamt með ölvun og vægri digoxineitrun hafi leitt til lungnabjúgsins, sem síðan hafi orðið manninum að bana.“

Magn etanóls í blóði líksins var 1,70‰ og í þvagi 2,13‰ samkvæmt rannsókn Rannsóknastofu í lyfjafræði.

Ákærði Viðar gekkst undir geðheilbrigðisrannsókn. Hófst hún 9. mars sl. og var framkvæmd af Hannesi Péturssyni yfirlækni. Er skýrsla hans um rannsóknina dagsett 1. apríl sl. Í henni er rakin persónusaga ákærða, geðsaga hans, líkamlegt heilsufar, aðdragandi atburðanna, líkamleg skoðun og rannsóknir og geðskoðun. Í lok skýrslunnar segir síðan:

„Ályktun:

Að mínu áliti er Viðar Björnsson ekki haldinn formlegri geðveiki né greindarskort. Hins vegar tel ég að hann hafi sýnt merki um skapgerðarþresti, áfengissýki og lyfjamisnotkun. Eins og fyrri sjúkraskrár greina frá, hefur Viðar oftlega á undanförnum árum vistast á meðferðarstofnunum vegna framangreindra vandamála. Persónuleikatrúflana Viðars virðast hafa gætt frá barna- og unglingsárum, sem atferlistrúflanir, skapgerðarþrestir og áfengis- og lyfjamisnotkun. Í þessu sambandi er vert að minna á erfið uppeðisskilyrði á unglingsárum og drykkjusýki meðal náinna ættingja. Lögbrot þau, er Viðar hefur framið á undanförnum 1-2 áratugum, virðast flest ef ekki öll vera auðgunarbrott til að fjármagna áfengiskaup vegna vaxandi drykkjusýki. Athyglisvert er þó að á þeim árum sem hann var í sambúð virðist hann hafa komið ágætlega undir sig fótum, og m.a. getað byggt sér íbúðarhúsnæði.

Skapgerðarþresta Viðars virðist helst verða vart undir áhrifum áfengis og/eða lyfja og virðist hann þá stundum eiga erfitt með sjálfstjórn, þó ekki virðist hann eiga vanda til þess að lenda í handalögmálum og hafi ekki

áður sætt kæru fyrir líkamsárás. Í sambandi við aðdragandann að ætluðu broti Viðars, þá er ljóst að hann hafði um langan tíma átt við að stríða alvarlega áfengissýki og lyfjafíkn. Einnig virðist ljóst, að Viðar hafi að öllum líkindum verið ofurölvi þegar atburðurinn átti sér stað. Þó raunveruleikamat og dómgreind Viðars Björnssonar sé annars óskert og hann teljist því sakhæfur, þá er líklegt að áfengissýki, lyfjafíkn og ölvun hafi sljógvað dómgreind hans og sjálfstjórn þegar umrætt atvik átti sér stað.“

Sigurðisli Skúlason sálfræðingur á Geðdeild borgarspítalans lagði sálfræðiþróf fyrir ákærða Viðar, þ.á m. greindarþróf Wechslers fyrir full-orðna. Samkvæmt því reyndist greindarvísitala ákærða 101 og telst ákærði samkvæmt þeirri niðurstöðu í meðallagi gefinn. Telur sálfræðingurinn að kviði og spennu hafi vafalítið dregið eitthvað úr árangri í prófinu og sé eðlisgreind því sennilega eitthvað hærri.

Með eigin játningu ákærða Viðars, sem studd er framburði ákærðu Sólrúnar og öðrum gögnum, er sannað að ákærði Viðar veittist að Sigurði Breiðfjörð Ólafssyni föstudagskvöldið 22. febrúar sl. með stórfelldri líkamsárás og þeim afleiðingum sem í ákæru greinir. Getur hvarf einnar áfengisflösku á engan hátt réttlætt slíka árás. Þykir í ljós leitt með endurriti úr dagbók D-vaktar lögreglunnaar í Reykjavík og framburði vitnisins Hauks Ásmundssonar, sem hvort tveggja er stutt framburði vitnisins Sigríðar Pétursdóttur, að árásin hafi átt sér stað eftir klukkan 21.27 um kvöldið. Þykja ekki marktækar ágiskanir annarra um aðrar tímasetningar.

Þá er sannað með játningum ákærðu beggja, sem studdar eru öðru því sem fram er komið í málinu og rakið hefur verið, að ákærðu yfirgáfu Sigurð Breiðfjörð meðvitundarlausan án þess að gera neitt honum til bjargar þegar eftir árásina og aftur næsta dag nálægt hádegi. Gerðu þau ekkert Sigurði Breiðfjörð til hjálpar fyrr en ákærða Sólrún kvaddi til sjúkrabífreiddina, en þá var Sigurður Breiðfjörð látinn, að mati læknanna tveggja 1-2 klukkustundum og allt að 6 klukkustundum áður.

Ekki verður fullyrt hvenær lát Sigurðar Breiðfjörð bar að höndum eða hvort hann var látinn er ákærðu komu að honum nálægt hádegi á laugardeginum. Verður að telja skyldu ákærðu til að útvega Sigurði Breiðfjörð hjálp hafi verið til staðar allt þar til úrskurður læknis lá fyrir um að hann væri látinn, en ákærðu vissu að Sigurður Breiðfjörð var bæði hjarta- og asmasjúklingur.

Líkamsárás ákærða Viðars er brot á 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981. Þá hefur ákærði Viðar brotið gegn 1. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga með því að aðhafast ekkert Sigurði Breiðfjörð til bjargar eftir að hann hafði gert hann bjargarlausan með árásinni, hvorki þegar eftir árásina né á laugardeginum.

Ákærða Sólrún stóð ekki að árásinni og bar ekki skylda til að sjá um

Sigurð Breiðfjörð. Er hún því sýknuð af broti á 1. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar verður að telja athafnaleysi ákærðu í því að útvega Sigurði Breiðfjörð hjálp brot á 1. mgr. 221. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála er heimilt að beita þeirri lagagrein, þar sem málið sætti sókn og vörn með tilliti til þess, að brot ákærðu Sólrúnar gæti varðað við hana.

Ákæra dagsett 20. maí 1985.

Ákærði Viðar hefur viðurkennt að hafa miðvikudaginn 6. eða fimmtudaginn 7. nóvember sl., er hann var gestkomandi í íbúð á 3. hæð að Vífils-götu 10 í Reykjavík, skorið þar úr ramma ca 40 ára gamalt málverk, mynd af Haukadal eftir Jón Engilberts, slegið eign sinni á það og haft á brott með sér upprúllað. Ákærði kveðst hafa fengið mann á aldrinum 60-70 ára, sem hann hitti í húsi Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg, til þess að geyma fyrir sig myndina, en hana ætlaði ákærði að selja. Ákærða Sólrún taldi að ákærði hefði látið einhvern lækni geyma fyrir sig málverkið, en inngangurinn til hans væri rétt hjá Domus Medica. Rannsóknarlögregla ríkisins hélt uppi spurnum um málverkið í heilsuverndarstöðinni, sundhöllinni og Droplaugarstöðum en enginn kannaðist við það. Hefur það ekki komið í leitirnar.

Ártal hefur falið niður í brotálýsingu ákæru og rannsóknarlögreglan hefur ekki reynt að afla mats á verðmæti málverksins né nákvæmar lýsingar á því.

Með eigin játningu ákærða Viðars og öðru því, sem fram er komið í málinu, er sannað að hann hafi stolið umræddu málverki. Enda þótt ártal hafi fallið niður í brotálýsingu ákæru er ljóst af gögnum málsins að brotið var framið á árinu 1984. Þykir þessi galli á ákærunni, ónákvæm lýsing á málverkinu og skortur á verðmætismati þess, ekki alveg næg til þess að vísa þessari ákæru frá, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974. Er þessi þjófnaður ákærða Viðars brot á 244. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Viðars hefur hann sætt kærur og refsingum, sem hér segir:

- 1965 í Reykjavík: Uppvís að broti á 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 9. september 1965.
- 1966 31/1 í Reykjavík: Sátt: 300 kr. sekt fyrir brot á 4. gr. umferðarlaga.
- 1966 5/8 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 1 ár.
- 1969 24/6 í Kópavogi: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár fyrir brot á 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga.

- 1969 16/7 í Reykjavík: Sátt: 10.000 kr. sekt fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga.
- 1970 16/1 í Reykjavík: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot á 155. gr., 244. gr. og 259. gr. hegningarlaga. (Dómur 24/6 1969 dæmdur með).
- 1970 12/2 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1971 4/5 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 155. gr. og 248. gr. hegningarlaga.
- 1974 4/4 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1974 4/10 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot á 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga. Svíptur rétti til ökuleyfis í 1 ár.
- 1977 18/5 í Keflavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1978 14/2 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1979 26/2 í Gullbr.s.: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. og 244. gr. (sic) sbr. 20. gr. hegningarlaga.
- 1979 7/5 í Keflavík: Dómur: Sakfelldur, en eigi gjörð sérstök refsing fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1980 16/6 í Keflavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.
- 1980 22/9 í Keflavík: Dómur Hæstaréttar: 12 mánaða fangelsi (Dómur héraðsdóms 26/2 '79).
- 1984 17/12 í Reykjavík: Dómur: 30 daga fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.
- 1985 5/2 í Keflavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.

Ákærða var veitt reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 255 dögum, hinn 23. júní 1982.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu Sólrúnar hefur hún sætt kærum og retsingum, sem hér segir:

- 1972 í Reykjavík: Uppvís að broti á 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 10.4. 1972.
- 1972 5/1 í Reykjavík: Uppvís að brotum á 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið frá 4. júlí 1972.
- 1973 24/5 í Reykjavík: Sátt: 1.950 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1974 3/5 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

- 1976 28/3 Vestm.e.: Sátt: 2.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.
 1976 6/4 Vestm.e.: Sátt: 2.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.
 1977 7/3 í Reykjavík: Sátt: 60.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðar-
 laga. Svípt ökuleyfi í 12 mánuði frá 7. júlí 1976.
 1977 11/7 í Reykjavík: Dómur: 125.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. og
 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengisлага. Svípt ökuleyfi
 ævilangt frá 11/7 1977.
 1978 7/11 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár,
 fyrir brot á 155. gr. og 248. gr. hegningarlaga.
 1982 3/6 í Keflavík: Dómur: 6.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr.
 4. mgr. 25. gr. 1. mgr. 37. gr. og 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga.
 Svípt ökuleyfi ævilangt frá 20/1 1982.
 1985 25/3 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr.
 155. gr. hegningarlaga.

Ákærðu var veitt ökuleyfi á ný 14. nóvember 1980 eftir hina ævilöngu sviptingu þess á árinu 1977.

Refsing ákærða Viðars verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og 78. gr. sömu laga vegna þjófnaðarins. Með hliðsjón af því og sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 5 ár.

Refsing ákærðu Sólrúnar verður ákveðin með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga og þykir hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði.

Ákærðu sættu bæði gæsluvarðhaldi eins og áður greinir frá 24. febrúar sl., hún frá klukkan 21.20, hann frá klukkan 21.58. Var hún úrskurðuð til að sæta gæsluvarðhaldi allt til 6. mars kl. 17 en hann allt til 20. mars kl. 17. Ákærða sat í gæsluvarðhaldi allan tímann en var þá látin laus. Gæsluvarðhald ákærða var framlengt 20. mars sl. til 1. maí sl. kl. 17. Aftur var það framlengt 30. apríl sl. við þingfestingu málsins og þá á meðan á meðferð málsins stæði og fram til dómsuppsögu, en þó ekki lengur en til 28. júní nk. klukkan 17. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að framangreint gæsluvarðhald komi refsingum ákærðu til frádráttar, hjá henni 10 dagar en honum 115 dagar.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 2. mgr. 142. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað. Skal ákærði Viðar greiða skipuðum verjanda sínum, Indriða Þorkelssyni hér-
 aðsdómslögmanni, 15.000 krónur í réttargæslulaun. Annan sakarkostnað skal ákærði Viðar greiða að $\frac{3}{4}$ hlutum, en ákærða Sólrún að $\frac{1}{4}$ hluta, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, áðurgreinds Indriða, 30.000 krónur.

Dr. Gunnlaugi Þórðarsyni hæstaréttarlögmanni var fyrir meðferð máls-

ins úrskurðuð þóknun fyrir réttargæslu vegna ákærðu Sólrúnar. Verður því í máli þessu eigi dæmt um það atriði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Viðar Björnsson, sæti fangelsi 5 ár. Til frádráttar refsingunni skal koma 115 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærða, Sólrún Elís dóttir, sæti fangelsi 5 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 10 daga gæsluvarðhald ákærðu.

Ákærði Viðar greiði skipuðum verjanda sínum Indriða Þorkelssyni héraðsdómslögmanni 15.000 krónur í réttargæslulaun. Annan sakarkostnað greiði ákærði Viðar að $\frac{3}{4}$ hlutum, en ákærða Sólrún að $\frac{1}{4}$ hluta, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, áðurgreinds Indriða, 30.000 krónur.

Föstudaginn 23. maí 1986.

Nr. 149/1986. **Óliuverslun Íslands h/f**

gegn

Hilmari S. R. Karlssyni.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 14. apríl 1986, sem barst Hæstarétti 30. sama mánaðar, kært þinglýsingu áfrýjunarstefnu í málinu nr. 266/1985: Hilmar S. R. Karlsson gegn uppboðsbeiðendum Túngötu 7 Bessastaðahreppi í Kjósarsýslu, og uppboðshaldaranum í Kjósarsýslu á framangreinda fasteign. Kæruheimild telur kærandi vera í 3. gr. laga nr. 39/1978.

Sóknaraðili krefst þess að framangreind þinglýsing verði afmáð af fasteigninni nr. 7 við Túngötu í Bessastaðahreppi og að sér verði tildæmdur hæfilegur kærumálskostnaður.